

# Umhverfisstefna Seltjarnarness

## 1. Lög og reglugerðir

Seltjarnarnesbær mun kappkosta að framfylgja lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál sem eiga við starfsemi sveitarfélagsins.

## 2. Umhverfisfræðsla

Seltjarnarnes leggur áherslu á að miðla og auka þekkingu á mikilvægi umhverfismála í almennum lífsháttum. Mótuð skal heildarstefna í umhverfisfræðslu fyrir skóla, starfsmenn bæjarins og íbúa.

## 3. Skipulagsmál

Við gerð aðalskipulags verði tekið mið af varðveislu náttúrugæða og menningarverðmæta.

## 4. Varðveisla lífríkis, náttúrugæða og menningarverðmæta

Seltjarnarnesbær mun kappkosta að varðveita fjölbreytni náttúrunnar með vel undirbúnum aðgerðum og vönduðum vinnubrögðum. Íbúum verði auðveldað að njóta náttúru, sögu og menningarminja.

## 5. Fráveita og sorphirða

Stefnt skal að því að minnka sorpmagn, auka hlut endurnýtingar og endurvinnslu. Fráveitukerfi bæjarins standist ítrustu kröfur um mengunarvarnir.

## 6. Grænt bókhald

Seltjarnarnes markar sér vistvæna innkaupastefnu og haldi grænt bókhald um stöðu umhverfismála sem almenningur skal hafa aðgang að.

## 7. Bæjarbragur og mannlíf

Stefnt skal að því að efla samkennd og bæta mannlíf meðal íbúa Seltjarnarness.

## 8. Staðardagskrá 21

Seltjarnarnes vinnur í anda Staðardagskrár 21 þar sem íbúar og aðrir áhugasamir hafa möguleika á þátttöku í ákvörðunum varðandi umhverfi sitt.

Samþykkt í bæjarstjórn 27. mars 2002